

Mál nr. 142/2005.

M

og

Vátryggingafélagið V h.f. v. starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra(B)

**Ágreiningur um ábyrgð byggingarstjóra vegna vatnstjóns í húseign þ.
15.10.2001.**

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 4.8.2005. ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 493/2005
3. Lögregluskýrsla/Tjónaskýrsla dags.
4. Bréf lögmanns M dags. 3.8.2005.
5. Bréf V dags. 10.6.2005 og 22.8.2005.

Málsatvik.

M varð fyrir tjóni þegar flæddi inn í hús hennar. Í ljós kom að ekki hafði verið lagt dren að húsinu með þeim hætti sem átti að gera skv. teikningum. Drenið var lagt ofan á klöpp en ekki undir botnplötu og því safnaðist vatn fyrir ofan húsið og braut sér síðan leið inn í húsið. Lögmaður M segir ekki ágreining við V um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra nema hvað varðar bætur fyrir parket sem skemmdist auk þess sem verkfræðikostnaður sé að hluta til óbættur og ekki sé tekið tillit til lögmannskostnaðar M. V hefur samþykkt bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra að öðru leyti en því að félagið telur að tjón sem varð á parketi sé ekki bótaskyld og vísar í því sambandi til 1.1. gr vátryggingarskilmála þar sem tekið er fram að almennt fjártjón sé bætt og heldur V því fram að hvað parketið varðar þá sé þar um munatjón að ræða sem falli ekki undir ákvæði vátryggingarskilmálanna. Þá er ágreiningur um bótafjárhæðir og tekur V fram að það samþykki að Úrskurðarnefndin fjalli um þann ágreining og bendir á að ágreiningur sé um þóknun til lögmanns M en boðin hafi verið fram ákveðin fjárhæð undir liðnum annað ótalið og ófyrirséð og hafi V talið að allur annar kostnaður annað en beinn verkkostnaður félli þar undir. Af hálfu M er þess krafist að tjónamat Hönnunar sem liggur fyrir í málinu verði lagt til grundvallar og lögfræðikostnaður verði bættur en varakrafa M er “að útlagður kostnaður skv. reikningum verktaka við uppsetningu drenlagna, frágangs drenlagna, frágangs garðs, málun innanhúss og endurnýjun gólfefnis innanhúss verði bætt auk sérfræðikostnaðar vegna framkvæmdar, eftirlits og sönnunar tjóns svo og kostnað vegna málareksturs(lögfræðikostnaður skv. vinnuskýrslum)”.

Álit.

Fallast ber á það með V að tjón á parketi í húsi M sé munatjón sem falli utan starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra skv. vátryggingaskilmálum þeirrar tryggingar sem um ræðir. Tjón á parketi bætist því ekki.

Hvað varðar ágreining um bótafjárhæðir þá er lagt fram af hálfu M kostnaðaráætlun sem unnin er af Hönnun h.f. dags. 25.2.2005 og byggir M á þeirri kostnaðaráætlun

skv. því sem fram kemur í bréfi lögmanns M dags. 3.8.2005 auk þess sem lögfræðikostnaður verði bættur. V byggir á endurskoðuðu tjónamati dags. 17.5.2005. Kostnaðarmat V hvað varðar þá verkþætti sem vinna þarf eru að öllu leyti það sama og fram kemur í kostnaðaráætlun Hönnun h.f., að undanskildu parketi því sem að ofan greinir. Þá er fallist af hálfu V á greiðslu kostnaðar vegna annars þ.m.t. umsjón og eftirlit kr. 220.000. Skv. kostnaðaráætlun Hönnun h.f. er gerð krafa um verkfræðikostnað kr. 60.000 annað og ófyrirséð kr. 50.000 og áfallinn verkfræðikostnað og lögfræðikostnað kr. 175.000 eða samtals kr. 285.000.- Af hálfu M hafa ekki verið lögð fyrir Úrskurðarnefndina gögn sem að sýni fram á rétmæti kröfu M umfram það sem V hefur boðið í greiðslu fyrir annan kostnað þ.m.t. lögmannskostnað og verkfræðikostnað. Úrskurðarnefndin hefur því ekki forsendur til að úrskurða að M eigi rétt á bótum sem nema hærri upphæð en þeirri sem að fram kemur í endurskoðuðu tjónamati V frá 17.5.2005. Hvað varakröfu M varðar þá hafa engin gögn verið lögð fyrir nefndina sem sýna fram á kostnað skv. varakröfunni og er hún algerlega vanreifuð að þessu leyti og því engar forsendur til að fjalla frekar um hana.

Niðurstaða.

Tjón á parketi bætist ekki.

Eins og málið er lagt fyrir úrskurðarnefnd er tjónamat V frá 17.5. 2005 lagt til grundvallar þ.e. tjónamat án virðisaukaskatts kr. 530.000

Reykjavík. 13.9.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.